



## HÁSKÓLI ÍSLANDS

Ársfundur Umhverfisstofnunar og náttúruverndarnefnda sveitarfélaga 2009

# Sögulegar sættir? Náttúruvernd og nýsköpun á Nýja Íslandi



Dr. Þorvarður Árnason, forstöðumaður  
Fræðasetur Háskóla Íslands á Hornafirði





## UMRÆÐUEFNI:

- Hlutverk háskólasetra
- Hugmyndafræði þjóðgarða
- Sjálfbær ferðapjónusta
- Forsendur nýsköpunar
- Hver er tilgangurinn ?



# HLUTVERK HÁSKÓLASETURSINS:

- Rannsóknir
- Ráðgjöf
- Þróunarverkefni
- Kennsla

# Vettvangur skapandi samvinnu





Nýsköpunarmiðstöð  
Íslands




Pekkingarnet Austurlands


NÝHEIMAR  
ÞEKINGARSETUR









# VATNAJÖKULSFJÓÐGARÐUR



## Reglugerð um Vatnajökulspjóðgarð (2 gr.)

- Markmiðið með friðlýsingu Vatnajökuls og helstu áhrifasvæða hans sem þjóðgarðs er að vernda náttúru svæðisins, s.s. landslag, lífríki og jarðmyndanir, og menningarminjar þess. Auk þess að gefa almenningi kost á að kynnast og njóta náttúru svæðisins, menningar þess og sögu. Í þjóðgarðinum skal veita fræðslu um náttúru og náttúruvernd, sögu, mannlíf og menningarminjar svæðisins og stuðla að rannsóknum til að efla þekkingu á þessum þáttum.
- Þessi landnýting er til þess falinn að styrkja byggð og atvinnustarfsemi í nágrenni þjóðgarðsins og ber því enn fremur að líta á Vatnajökulspjóðgarð sem mikilvæga aðgerð til eflingar byggðar á svæðinu.

V  
E  
R  
N  
D  
U  
N




N  
Y  
T  
I  
N  
G






V  
E  
R  
N  
D  
U  
N



N  
Ý  
T  
I  
N  
G



V  
E  
R  
N  
D  
U  
N




N  
Ý  
T  
I  
N  
G

**Alfriðun**

**Alnýting**



V  
E  
R  
N  
D  
U  
N



N  
Ý  
T  
I  
N  
G

**Alfriðun**

**Alnýting**



# Þjóðgarður skv. IUCN

**Friðlýst náttúrulegt svæði lands og/eða sjávar þar sem:**

- (a) verndaðar eru vistfræðilegar heildir og vistkerfi fyrir núlifandi og komandi kynslóðir,
- (b) komið er í veg fyrir nýtingu eða búsetu sem gengur gegn tilganginum með friðun svæðisins og
- (c) sköpuð eru skilyrði til að sinna megi vísindum, menntun, útivist og þörfum gesta sem samræmist umhverfi og menningararfi.

➤ (Skýrsla ráðgjafanefndar, s. 51)

# Landnýting skv. reglugerð

26. gr.


## *Hefðbundin landnýting.*

Hefðbundin landnýting, svo sem búfjárbreit, fuglaveiði, hreindýraveiði og veiði í ám og vötnum, er rétt höfum heimil á þeim svæðum sem afmörkuð eru í viðauka III enda séu uppfyllt ákvæði þeirra laga sem um nýtinguna fjalla. Annars staðar í þjóðgarðinum er slík nýting óheimil.

Landnýting innan þjóðgarðsins skal vera sjálfbær, sbr. 2. mgr. 20. gr. laga um Vatnajökulsþjóðgarð.

Á svæðum sem afmörkuð eru til hefðbundinnar landnýtingar í viðauka III helst hefðbundinn réttur bænda til smölunar sauðfjár á hestum svo sem verið hefur. Um akstur utan vega á þeim svæðum gildir 17. gr.





Flokkur	Friðun / Verndun	Tegund friðlýsingar
I	Ströng friðun	a. Friðland, b. Friðlýst víðerni
II	Verndun vistkerfa og útivist	Þjóðgarður
III	Verndun sérstæðra náttúruminja	Náttúruvætti
IV	Verndun tegunda og vistgerða	Búsvæðis- og tegundaverndarsvæði
V	Verndun landslags eða hafsvæðis og útivist	Landslagsvernarsvæði
VI	Sjálfbær nýting náttúrulegs vistkerfis	Verndað landnýtingarsvæði

2. mynd. Verndarstig Vatnajökulsþjóðgarðs í samræmi við skilgreiningu IUCN.


**ÞJÓÐGARÐUR**





**FERÐAÞJÓNUSTA**



**BYGGÐAÞRÓUN**











# MAGN vs. (Lífs)GÆÐI




# Sjálfbær þróun

- er umhverfis- og þróunarstefna
- byggir á heildarsýn og framtíðarhugsun
- er hugsjón, fremur en hugmyndafræði
- varðar samfélag okkar fyrst og síðast:
  - (a) það er undir okkur komið hvað er gert,
  - (b) við þurfum að gera hlutina saman,
  - (c) tilgangurinn er að gera samfélagið betra

# Þrjú stoðir sjálfbærrar þróunar



# Tengsl og vægi stoðanna



# Kjarni sjálfbærrar þróunar

- **Samþætting** umhverfisverndar og efnahagsþróunar
- **Framtíðin** – áhrif athafna í dag á komandi kynslóðir
- **Umhverfisvernd** – minnka mengun og umhverfisspjöll og nýta auðlindir á skilvirkari hátt
- **Jöfnuður** – mæta brýnustu þörfum hinna fátæku í dag (auk þess að huga að jöfnuði á milli kynslóða)
- **Lífsgæði** – velferð manna byggir á fleiri þáttum en efnahagsvexti einum og sér
- **Virk þátttaka** – sjálfbær þróun krefst þátttöku allra hópa og hagsmunaaðila í samfélaginu
- (e. Jacobs 1999, s. 26)



# Sjálfbær ferðapjónusta

*Sjálfbær ferðapjónusta* mætir þörfum ferðamanna og heimamanna en stuðlar um leið að verndun og auknum markaðstækifærum til framtíðar. Þetta felur í sér að auðlindum er stjórnað með þeim hætti að efnahagslegum, félagslegum og fagurfræðilegum þörfum er fullnægt, á sama tíma og viðhaldið er menningu, nauðsynlegum vistfræðilegum ferlum, líffræðilegri fjölbreytni og nauðsynlegum lífsskilyrðum.

Reglugerð um Vatnajökulspjóðgarð, nr. 608, 7. júní 2008, 4. gr.





# Hagræn viðmið UNWTO (2005)

## 1). **Hagrænn lífvænleiki** (e. *economic viability*)

Að tryggja lífvænleika og samkeppnishæfni áfangastaða og fyrirtækja í ferðabjónustu, þannig að þau séu fær um að eflast enn frekar og skapa arð til langs tíma.

## 2). **Hagsæld í heimabyggðum** (e. *local prosperity*)

Að hámarka framlag ferðamennsku til efnahagslegrar velmegunar í samfélagi gestgjafanna, þ.m.t. það hlutfall af útgjöldum ferðamanna sem haldið er eftir í heimabyggð.

## 3). **Gæði starfa** (e. *employment quality*)

Að auka fjölda jafnt sem gæði starfa í heimabyggðum sem ferðamennska skapar og stendur undir, þ.m.t. hvað varðar upphæð launa, starfsskilyrði og tækifæri fólks til atvinnu án mismunar af nokkrum toga, svo sem vegna kynferðis, þjóðlegs uppruna eða fötlunar.

## 4). **Félagslegur jöfnuður** (e. *social equity*)

Að leitast við að ná fram víðtækri og sanngjarni dreifingu þeirra hagrænu og félagslegu gæða sem ferðamennskan skapar innan samfélags gestgjafanna, þ.m.t. að bæta tækifæri, tekjur og þjónustu sem standa hinum fátæku þar til boða.

# Samfélagsleg viðmið UNWTO

## 5). **Ánægja ferðamanna** (e. *visitor fulfillment*)

Að bjóða fram örugga og ánægjulega upplifun sem fullnægir væntingum ferðamanna og sem þeir hafa allir aðgöngu að án mismunar s.s. vegna kynferðis, þjóðlegs uppruna eða fötlunar.

## 6). **Stjórnun í heimabyggðum** (e. *local control*)

Að virkja samfélög heimamanna og auka færni þeirra og valdheimildir varðandi skipulag og ákvarðanatöku um stjórnun og framtíðar uppbyggingu ferðamennsku á þeirra svæði, í samráði við aðra hagsmunaaðila.

## 7). **Samfélagsleg velferð** (e. *community wellbeing*)

Að viðhalda og efla lífsgæði í samfélögum heimamanna, þ.m.t. félagslega innviði og aðgang að auðlindum, þægindum og umhverfisgæðum, en forðast félagslega spillingu og arðrán.

## 8). **Menningarlegur ríkuleiki** (e. *cultural richness*)

Að viðhalda og efla söguarf, upprunalega menningu, siði og sérstöðu gestagjafasamfélaga.

# Umhverfisviðmið UNWTO

## 9). Umhverfisgæði (e. *physical integrity*)

Að viðhalda og auka gæði landslags, bæði í þéttbýli og dreifbýli, og forðast vistfræðilega og sjónræna spillingu umhverfisins.

## 10). Líffræðilegur fjölbreytileiki (e. *biological diversity*)

Að styðja við verndun náttúrlegra svæða, búsvæða og villtra lífvera, og lágmarka þann skaða sem þeim er valdið.

## 11). Skilvirk auðlindanýting (e. *resource efficiency*)

Að lágmarka notkun fágætra og óendurnýjanlegra auðlinda við þróun og starfsemi ferðaþjónustu.


## 12). Hreinleiki umhverfisins (e. *environmental purity*)

Að lágmarka mengun lofta, vatns og lands, sem og úrgangsmyndun, af hálfu fyrirtækja í ferðaþjónustu og ferðamanna.

Heimild: UNEP & WTO, 2005: *Making Tourism more Sustainable. A Guide for Policy Makers*, s. 18-19.



# Stoðir sjálfbærrar þróunar







THE VATNAJOKULL REGION  
WONDER OF THE WORLD

WOW!

Center of culture



From Coast To Mountains



Coastal Experiences

Adventure tours with 4wd jeeps and skidoos to Vatnajokull



Unique Adventures  
Take a walk on the ice cap



Vatnajokull Travel



Wonder boats trips  
on Glacier Lagoon



Glacier Exhibition



Introductory Kayak Trip

Lobster Town  
Höfn




WELCOME TO SOUTH-EAST OF ICELAND

- Largest National park and glacier in Europe • Magnificent nature • Golf course
- Diverse Accommodation • Exhibitions and museums • New swimming pool
- Great restaurants • Hotels • Bird Watching • Lobster Feast

For further info please contact the Tourist information center in Höfn, tel: (354) 478-1500  
or the Tourist information center in Skaftafell, tel: (354) 470-8300  
www.visitvatnajokull.is email: tourinfo@hornafjordur.is








# Vatnajökull Region

THE SOUTH EAST OF ICELAND

**VATNAJÖKULL REGION WOW**  
IN THE REALM OF VATNAJÖKULL NATIONAL PARK  
- LARGEST NATIONAL PARK IN EUROPE

**VATNAJÖKULL THE WORLD'S  
LARGEST GLACIER OUTSIDE OF  
THE ARCTIC REGIONS**

[www.visitvatnajokull.is](http://www.visitvatnajokull.is)



# Vatnajökull

**Vatnajökull**  
WOW!

Í RÍKI VATNAJÖKLULS  
IN THE VATNAJÖKULL REGION  
AN DEN AUSLÄUFERN DES  
VATNAJÖKULL

[www.visitvatnajokull.is](http://www.visitvatnajokull.is)



HÁSKÓLI ÍSLANDS



Deikkingarsetur  
Þingeyinga



Þekkingarnet Austurlands



# NORTHERN ENVIRONMENTAL EDUCATION DEVELOPMENT



Northern  
Periphery  
Programme  
2007–2013



Innovatively investing  
in Europe's Northern  
Periphery for a sustainable  
and prosperous future




European Union  
European Regional Development Fund

[www.need.is](http://www.need.is)





	<b>Skafafelli</b> ① Skágarðsörður Skágarðsörður Músnirill Skarrafjúki Hvalnes	<b>Ingólfshöfi</b> ② Lund Skómer Langja Haukafelli	<b>Jökulsárón</b> ③ Kría Þingfellingur Skarrafjúki Höfn	<b>Fifutjörn</b> ④ Lömur Hraugsgákur Árn Skarrafjörður	<b>Meilatangi</b> ⑤ Svarfbakur Kría Kjú Stokknes
<b>Hvalnes</b> ⑪ Árn Skarrafjúki Grágás	<b>Þvottá</b> ⑫ Hólavalla Þvottafelli Skarrafjúki	<b>Ártafjörður</b> ⑬ Jafnakan Grönd Lömur	<b>Djúpvogur</b> ⑭ Flógrófi Þvottafelli Þvottafelli	<b>Berufjörður</b> ⑮ Straumend Tjaldur Skarrafjörður	<b>Papey</b> ⑯ Lund Tjaldur Langja



NORTHERN ENVIRONMENTAL  
EDUCATION DEVELOPMENT

## Nordic Delights



### Freistandi ferðaminjar

Sælkeramatur úr svæðisbundnu  
hráefni

THE SALT COD WORKSHOP IN HOFN  
OFFERS BOTH INFORMATION ON THE  
HISTORY AND PROCESSING OF SALT  
COD AND EXCELLENT SEAFOOD



## ÉCONOMUSÉE NORTHERN EUROPE

### SALT COD WORKSHOP

Tourists in Hofn can visit the salt cod workshop run by the lobster and salt cod company Bestfiskur. Guests see how sun-dried salt cod is produced and learn about the history of salt cod production. The visit takes about 20-30 minutes and afterwards, visitors can buy souvenirs and other Bestfiskur products, such as sun-dried salt cod, lobster and fresh fish.

### BESTFISKUR SEAFOOD STORE

Bestfiskur also runs a small seafood store where you can buy all the fish that the company has to offer. Bestfiskur's legendary lobster will of course be available, along with other delicacies, such as lobster sausages and barbecue selections.



ÍRIKI VATNAJÖKULS **WOW!**



Nýsköpunarmiðstöð  
Íslands  
Ímpra frumkvöðlar og sprotar





SOUTH EAST ICELAND

# HEIMAMARKAÐSBÚÐ LOCAL FOOD STORE AT THE HARBOUR / VIÐ HÖFNINA




OPEN MON-FRI / OPIÐ MÁN-FÖS 15-19

BÚÐIN ER REKIN AF HÓPI SMÁFRAMLEIÐANDA / THE STORE IS OPERATED BY GROUP OF LOCAL PRODUCERS




# Sjálfbærni **matur** & **ferðapjónusta**




Mynd: Guðmundur H. Gunnarsson, Mátis

# Sjálfbærni matur & ferðapjónusta






# Sjálfbærni matur & ferðapjónusta



Stjórnvöld



Atvinnulíf



Almenníngur



Fagstofnanir

# Sjálfbær þróun - ný hugsun

- Sjálfbær þróun er umhverfis- og þróunarstefna sem leitast við að taka á heildstæðan hátt á helstu vandamálum sem ógna bæði náttúrunni og samfélögum manna.
- Lykilþættir hennar eru vistvænir lifnaðarhættir, gott samfélag, jöfnuður, jafnrétti, friður, virk þátttaka og virðing fyrir mannréttindum og gagnvart náttúrunni.
- Segja má að efnahagsþátturinn sé drifkraftur breytinga, umhverfið seti slíkri starfsemi ákveðin viðmið og takmarkanir en tilgangur þessa alls ákvarðist þó fyrst og fremst af samfélagslegum markmiðum.
- Í hnotskurn mætti lýsa sjálfbærri þróun sem *hugsjón sem nærir þroska* samfélaga og einstaklinga, m.a. hvað varðar umgengni við umhverfi og náttúru.







